



Ársskýrsla
Jafnréttisstofu
2007

Jafnréttisstofa - Borgum - 600 Akureyri

Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is – www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

Formáli	4
Hlutverk og skipulag.....	6
Starfið 2007.....	8
Helstu áherslumál ársins.....	8
Evrópuár jafnra tækifæra 2007.....	8
Ráðgjöf og upplýsingar.....	8
Einstaklingsmál.....	9
Jafnréttisáætlanir.....	9
Skýrslur og umsagnir.....	9
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.....	9
Umsagnir.....	10
Skýrslur fyrir alþjóðastofnanir.....	10
Nefndir og vinnuhópar.....	11
Kynbundinn launamunur.....	11
Mansals-hópurinn – Hjálmar.....	Error! Bookmark not defined.
Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.....	11
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is.....	11
Rannsóknarsetur vinnuréttar- og jafnréttismála.....	11
Málþing og opnir fundir.....	12
8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....	12
Fundur um launajafnrétti.....	12
Námskeið.....	12
Námskeið um gerð jafnréttisáætlana.....	12
Jafnrétti í framkvæmd.....	12
Verkefni.....	13
Karlur til ábyrgðar.....	13
Tea for Two - Jafnréttisvogin.....	13
FOCUS.....	13
Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.....	13

Side by side - Samstíga	14
SMS- Sports, Media and Stereotypes	14
Könnun á jafnréttisáætlunum fyrirtækja með 200 manns eða fleiri	14
Útgáfa og vefsíða	14
www.jafnretti.is	Error! Bookmark not defined.
Jafnrétta, fréttabréf um jafnréttismál.....	14
Bæklingar:	15
Bækur/skýrslur:.....	15
Fjölmiðlatengsl	15
Umfjöllun í fjölmiðlum	15
Fræðslufundir og erindi	15
Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu.....	15
Norrænt samstarf.....	16
Samstarf innan Evrópu og á alþjóðavettvangi	16
Jafnréttisráð	17
Kærunefnd jafnréttismála	17

FORMÁLI

Í ársskýrslu Jafnréttisstofu er farið yfir stöðu mála og reynt að greina hvað einkenndi umræðu um jafnréttismálin á liðnu ári. Jafnréttisstofa sinnir fjölbreyttum verkefnum. Í þessari ársskýrslu er að finna stutt yfirlit yfir helstu verkefni og verksvið stofunnar. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllum þeim málum sem stofan sinnir í þágu einstaklinga sem telja á sér brotið vegna kyns síns. Jafnréttisstofa veitir einstaklingum, opinberum aðilum og fyrirtækjum daglega ráðgjöf varðandi kynjajafnrétti.

Á árinu 2007 voru Alþingiskosningar. Í Alþingiskosningunum 12. maí 2007 voru kjörnir 43 karlar (68,3%) og 20 konur (31,7%) og fjölgaði um eina konu meðal þingmanna frá kosningunum 2003. Kynjaskiptingin meðal varaþingmanna var á annan veg því að í þeim hópi voru konur í meirihluta, eða 39 (61,9%), og karlar 24 (38,1%).

Boðnir voru fram 36 framboðslistar á landinu öllu í kosningunum 2007 og eru það færri listar en í kosningum síðustu 20 árin (tafla 8). Frambjóðendur voru alls 756 í kosningunum 2007 og skiptust þeir í 399 karla og 357 konur. Voru þetta tuttugu færri frambjóðendur en í kosningunum 2003. Hlutfall karla af frambjóðendum var 52,8% en kvenna 47,2% þegar öll nöfn á framboðslistum eru talin (tafla 8). Af frambjóðendum í fyrstu þremur sætum listanna voru karlframbjóðendur 61 (56,5%) en kvenframbjóðendur 47 (43,5%). Fleiri karlar en konur voru í framboði í fjórum kjördæmum landsins (hlutfall karla 53–58%) en konur fleiri en karlar í tveimur (hlutfall kvenna um 52%). Aðeins í einu kjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður, voru fleiri konur en karlar í þremur efstu sætum listanna. Mestur var kynjamunurinn í Suðurkjördæmi þar sem tæp 67% efstu frambjóðenda voru karlar.

Munur var á kynjahlutfalli á höfuðborgarsvæði og landsbyggð þegar litið er til frambjóðenda í 1.–3. sæti. Á höfuðborgarsvæði var hlutfall kynja jafnt en á landsbyggðinni voru 37% frambjóðenda konur sem þýðir að kvenframbjóðendur þar voru tiltölulega neðarlega á framboðslistum. Hvað þýðir þetta varðandi stöðu kynjanna á Íslandi? Áfram þarf að hvetja konur til þátttöku í stjórnámálum.

Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við völdum á árinu. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí segir: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á að jafnrétti í reynd verði leiðarljós í allri stefnumótun hennar og stefnir að því að skapa jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð kyni, búsetu, uppruna og félagslegri stöðu.“ Jafnréttisstofa fagnar þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda jafnrétti kynjanna mikilvægur hluti af allri jafnréttisumræðu.

Nýr ráðherra tók við jafnréttismálunum eftir kosningar, en Jóhanna Sigurðardóttir er núverandi félags- og tryggingamálaráðherra. Frumvarp til nýrra jafnréttislaga var lagt fram

á Alþingi í lok október. Í því var að finna þó nokkur nýmæli. Samkvæmt frumvarpinu átti að renna styrkari stoðum undir starfsemi Jafnréttisstofu með því að efla heimildir til að krefjast gagna og jafnvel leggja á dagsektir, ef stofnanir eða fyrirtæki verða ekki við tilmælum Jafnréttisstofu um að afhenda gögn/upplýsingar eða fara eftir úrskurðum kærunefndar jafnréttismála. Jafnréttisstofa fagnar því að löggjafinn vill efla starfsemi stofunnar, og telur það jákvætt skref.

Krisín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og fyrrv. alþingiskona, tók við sem framkvæmdastýra Jafnréttisstofu 1. september 2007, en Margrét María Sigurðardóttir fékk lausn frá störfum og tók við embætti Umboðsmanns barna 1. júlí 2007.

Töluverð umræða var á árinu um kynbundinn launamun og hvernig hægt væri að minnka hann. Meðal annars kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að minnka eigi um helming óútskýrðan kynbundinn launamun hjá hinu opinbera á kjörtímabilinu, bæta eigi kjör kvennastétta sérstaklega og banna launaleynd. Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði tvo starfshópa til að koma með tillögur á því sviði. Jafnréttisstofa fagnar þessu og vonar að framhald verði á aðgerðum til þess að útrýma þeirri augljósu mismunun sem felst í því að störf kvenna og karla skuli ekki vera metin til launa með sama hætti. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í öðrum þessara hópa.

Á árinu var hafist handa við stefnumótun fyrir Jafnréttisstofu. Þeirri vinnu verður framhaldið á næsta ári.

Stafsfolk Jafnréttisstofu þakkar samstarfsaðilum stofunnar fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári. Jafnréttisstofa mun halda áfram að leggja sitt af mörkum til þess að jafnrétti í reynd verði að veruleika og er í því augnamiði tilbúin að aðstoða alla þá sem til hennar leita.

Akureyri í ágúst 2008

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra.

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september 2000. Stofan starfar eftir reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu frá 2003.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2007 var: Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir, Ingólfur V. Gíslason. Svala Jónsdóttir og Hjálmar Sigmarsson hófu störf hjá Jafnréttisstofu á árinu, Svala í byrjun árs og Hjálmar í sumarbyrjun. Margrét María lét af störfum í júní og Kristín Ástgeirsdóttir tók við sem framkvæmdastýra 1. september. Ingi Valur Jóhannsson í félagsmálaráðuneytinu sinnti starfi framkvæmastjóra í millitíðinni.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- auka virkni í jafnréttismálum, meðal annars með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, meðal annars með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögnum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar sem samþykkt var í ársbyrjun 2003. Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi einnar málshöfðunar á grundvelli heimildar Jafnréttisstofu.

STARFIÐ 2007

HELSTU ÁHERSLUMÁL ÁRSINS

EVROPUÁR JAFNRA TÆKIFÆRA 2007

Árið 2007 var Evrópuár jafnra tækifæra. Jafnréttisstofa var með ýmis verkefni sem tengdust því.

Jafnréttisstofa kom að skipulagi ráðstefnu sem bar heitið *Karlar til ábyrgðar*. Þessi ráðstefna var haldin 30. ágúst í Reykjavík, og voru bæði innlendir og erlendir sérfræðingar þar með erindi. Markmið verkefnisins var að vekja athygli á alvarleika heimilisofbeldis og því að ofbeldi karla gegn konum væri samfélagslegt vandamál, sem mikilvægt væri að takast á við frá öllum mögulegum hliðum. Megin markmiðið var að vekja athygli á meðferðarúrræðinu sem er í boði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum.

Í samstarfi við Ár jafnra tækifæra og félagsmálaráðuneytið stóð Jafnréttisstofa fyrir verkefninu *Kynbundinn launamunur – aðferðir til úrbóta*. Verkefnið var tvíþætt. Það fólst annars vegar í því að gera rannsókn á kynbundnum launamun sem Jafnréttisstofa vann upp úr gögnum frá Hagstofu Íslands um atvinnutekjur þjóðarinnar. Í rannsókninni voru skoðaðar atvinnutekjur og heildartekjur kynjanna eftir hjúskaparstöðu, aldri og búsetu. Hins vegar að halda tvö opinber málþing um kynbundinn launamun, annað í Reykjavík og hitt á Akureyri. Yfirskrift málþinganna beggja var Kynbundinn launamunur – aðferðir til úrbóta. Kynntar voru bráðabirgðaniðurstöður úr rannsókninni og einnig var rætt um ólíkar aðferðir sem notaðar hafa verið til þess að vinna gegn kynbundnum launamun. Málþingin voru auglýst og kynnt í öllum helstu fjölmiðlum landsins..

Lokaráðstefna Árs jafnra tækifæra var haldin í Lissabon 19. og 20. nóvember. Fulltrúi Jafnréttisstofu var með erindi um verkefnið *Karlar til ábyrgðar* í einni af málstofum ráðstefnunnar. Þann 13. desember efndi félagsmálaráðuneytið til lokaráðstefnu í Reykjavík til að kynna þau verkefni sem unnin voru á Íslandi í tilefni Evrópuárs jafnra tækifæra.

RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf varðandi málefni sem varða kynjajafnrétti. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvuskeyti send þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál, bent á auglýsingar sem viðkomandi telur tæpast í samræmi við jafnréttislög og fleira. Jafnréttisstofa heldur úti heimasíðu með hagnýtum upplýsingum og fréttum um

jafnréttismál. Jafnréttisstofa sendir einnig upplýsingar um jafnréttismál til þeirra sem skráð hafa sig á póstlista stofunnar og fer þeim fjölgandi.

EINSTAKLINGSMÁL

Jafnréttisstofa veitir bæði lagalega og félagslega ráðgjöf til einstaklinga. Flest af þeim málum sem stofunni berast eru einstaklingsmál. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan tekur einnig að sér að hafa samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hefur brotið gegn jafnréttislögum, allt í eðlilegu samhengi og samræmið við tilefnið. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kæruneftndar jafnréttismála til að fá þar álit, þá aðstoðar Jafnréttisstofa við undirbúning kæru.

Fleiri konur en karlar leita eftir ráðgjöf Jafnréttisstofu. Karlar leita þó í auknum mæli til stofunnar og karlar senda stofunni ábendingar eins og konur. Alls leituðu 83 einstaklingar til stofunnar á árinu.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR.

Fyrirtæki sem hafa 25 eða fleiri starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnréttismál í starfsmannastefnu sinni, sbr. 13. gr. jafnréttislaga nr. 96/2000. Jafnréttisstofa veitir stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2007, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað. Jafnréttisstofa kannaði á árinu hvort fyrirtæki með 200 eða fleiri starfsmenn væru með jafnréttisáætlun.

SKÝRSLUR OG UMSAGNIR.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Jafnréttisstofa er ráðuneytum og stofnunum ríkisins sem vinna að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum innan handar varðandi upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót.

UMSAGNIR

Mikilvægt er að jafnréttisumsögn fylgi sumum lagafrumvörpum og þingsályktunum. Slík umsögn ætti helst að fylgja öllum lagafrumvörpum. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2007:

Mál nr. 7 Þingsályktunartillaga um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Mál nr. 18 Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra

Mál nr. 34 Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum

Mál nr. 39 Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, mansal, fórnarlambavernd

Mál nr. 73 Þingsályktunartillaga um aukna þjónustu við ungbarnafjölskyldur

Mál nr. 80 Þingsályktunartillaga um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali

Mál nr. 149 Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Mál nr. 450 Frumvarp til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum (EES-reglur)

Mál nr. 541 Frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör þeirra

SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnréttismál. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Rétt er hér að nefna nokkra samninga:

CEDAW – Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnáma alls misréttisgagnvart konum. Ísland er aðili að CEDAW –samningnum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women) og ber að gera sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stöðu jafnréttismála á landinu á fjögurra ára fresti, næst 2008.

ILO – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnnumálastofnuninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Að beiðni félagsmálaráðuneytisins voru unnar tvær skýrslur fyrir ILO, um framkvæmd Íslands á ILO-samþykktum nr. 100 og 111.

Evrópuráðið.

Jafnréttisstofa svaraði spurningalista varðandi vernd kvenna fyrir ofbeldi. (Revised monitoring framework.)

Einnig var könnun Evrópuráðsins varðandi þjónustu við þolendur heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis svarað.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í ráðgjafarhópi sem hefur það hlutverk að vera félags- og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar um framvindu aðgerða gegn kynbundnum launamun og að vinna að eða láta vinna mát á raunverulegum árangri aðgerða.

OFBELDI GEGN KONUM

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi gegn konum.

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTANNA

Jafnréttisstofa og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda reglulega samráðsfundi. Jafnréttisfulltrúarnir komu á árlegan vinnufund á Jafnréttisstofu í janúar.

GAGNABANKI KVENNA – KVENNASLÓÐIR.IS

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um kvennagagnabanka www.kvennaslodir.is Þar er að finna nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnlega og aðgengilega, þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið hæfar konur til margvíslegrar starfa á fljótvirkan hátt. Tengill á gagnabankann er nú á forsíðu vefs Blaðamannafélags Íslands, www.press.is Jafnréttisstofa hefur styrkt þetta verkefni fjárhagslega.

RANNSÓKNARSETUR VINNURÉTTAR- OG JAFNRÉTTISMÁLA

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu situr í stjórn rannsóknasetursins, en markmið þess er að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar- og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum.

MÁLÞING OG ÖPNIR FUNDIR

8. MARS – ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA

Máttur milli landa – beislum mannauðinn! Fundur í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna á vegum ASÍ, BHM, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu í Reykjavík.

Jafnrétti og sveitastjórnir. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarstjórna haldinn í byrjun júní í Fjarðarbyggð. Jafnréttisstofa tók þátt í að skipuleggja fundinn.

Í tilefni af 19. júní var opið hús hjá Jafnréttisstofu.

Mælistikur á launajafnrétti

Þann 24. október var framkvæmdastýra Kristín Ástgeirsdóttir með erindi á hátíðardagskrá í Kennaraháskóla Íslands um jafnrétti og skóla.

Tea for Two lokaráðstefna var 16. nóvember í Reykjavík. Sjá um verkefnið hér á eftir.

Jafnréttisstofa tók þátt í 16 – daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í samvinnu við Leikfélaga Akureyrar. Efnt var til sérstakrar sýningar á leikritinu Ökutímar, sem fjallar um afleiðingar kynbundins ofbeldis. Eftir sýninguna voru umræður sem framkvæmdastýra Jafnréttisstofu tók þátt í ásamt sérfræðingum um kynbundið ofbeldi, leikhúsfólki og áhorfendum.

FUNDUR UM LAUNAJAFNRÉTTI

Þann 17. desember hélt Jafnréttisstofa opinn fund um launamál á Hótel KEA á Akureyri í tilefni af því að Ári jafnra tækifæra var að ljúka. Þar var niðurstaða verkefnisins Tea for Two – Jafnréttisvogin kynnt.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir.

NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðin eru um það bil fjórar klukkustundir að lengd. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana. Árið 2007 voru haldin þrjú slík námskeið fyrir einkafyrirtæki, m.a. var haldið námskeið hjá Icebank í maí og hjá Alcoa-Fjarðaál í september.

JAFNRÉTTI Í FRAMKVÆMD

Námskeiðið Jafnrétti í framkvæmd haldið 25. og 31. október fyrir starfsfólk ráðuneytanna.

VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að ýmsum ólíkum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 og var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðaúrræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boði upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarúrræðið aðeins fyrir þá. Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri og umsjón þess er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar.

TEA FOR TWO - JAFNRÉTTISVOGIN

Jafnréttisvugin var samstarfsverkefni Búlgaríu, Finnlands, Grikklands, Noregs og Íslands. Markmið verkefnisins var að safna gögnum um þátttöku kynjanna í sveitastjórnnum og þróa tæki til gagnaöflunar og mælingar. Þetta er gert til að upplýsingarnar séu aðgengilegar og sýnilegar almenningi, til að hvetja sveitarstjórnir til að gæta jafnréttis og fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála hjá sveitarfélögunum. Haldinn var fundur í Búlgaríu í ársbyrjun og í júní var fundur í Finnlandi með samstarfsaðilum. Vonir eru bundnar við að hægt verði að þróa þetta mælitæki enn frekar, t.d. þannig að hægt verði að nota það til að sjá hvernig ráðuneyti standa sig, hugsanlega fyrirtæki einnig og fleira. Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins Tea for two var haldin í Reykjavík þann 16. nóvember 2007. Akureyrarbær var það sveitarfélag sem kom best út samkvæmt Jafnréttisvuginni. Heimasíða verkefnisins er <http://www.tft.gender.is>

FOCUS

FOCUS er skammstöfun Fostering Caring Masculinities eða Ýtt undir umhyggjukarlmennsku. Markmið verkefnisins er að rannsaka og bæta tækifæri karla til að samhæfa atvinnu og fjölskyldulíf í þeim tilgangi að styrkja og ýta undir vilja karla til að taka að sér umönnunarhlutverk. Nánar má lesa um verkefnið á heimasíðu þess <http://www.caringmasculinities.org/>

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Á árinu var unnið að undirbúningi fyrir verkefnið Jafnrétti í leik- og grunnskólum. Þetta verkefni miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, þ.e. í leik- og grunnskólum. Hugmyndin er að hanna vefsíðu þar sem upplýsingar um jafnréttisfræðslu verða aðgengilegar, auk upplýsinga um verkefni sem nota má í skólastarfi. Einnig á að fá grunn- og leikskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála og að nota vefsíðuna til kynningar á þeim. Sérstakur stýrihópur var settur saman til að vinna að undirbúningi og skipulagi verkefnisins. Ráðinn verður verkefnisstjóri til Jafnréttisstofu í fullt starf í eitt ár til að hafa umsjón með söfnun efnis, gera samninga um notkun þess og að setja efnið inn á vefsíðu, auk þess að vera tengiliður við tilraunaskólana.

SIDE BY SIDE - SAMSTÍGA

Undirbúningur að verkefninu Side by side – Samstíga, hófst á árinu, en markmiðið með þessu verkefni er að útbúa handbók í kynjasambættingu fyrir opinbera starfsmenn. Handbókin á að vera tilbúin undir lok ársins 2008.

SMS- SPORTS, MEDIA AND STEREOTYPES

Hafinn var undirbúningur að því að fylgja eftir SMS verkefninu sem var formlega lokið í janúar 2006. Þetta var fjölþjóðlegt verkefni og komu Ísland, Noregur, Ítalía, Austurríki og Litháen að því. Fræðslufnið sem var búið til í tengslum við þetta verkefni er tilvalið verkfæri til þess að opna augu fólks fyrir þeim. Þannig að stefnt er að því að prenta nýtt upplag af lokaskýrslunni og fræðsludisknum.

Unnið er að því að koma efninu inn í kennslu, t.d. er farið að nota það við Háskólann á Akureyri í Kynjafræði/fjölmiðlafræði. Unnið er að því að hafa sambandi við alla sem geta komið að þessu. Einnig er verið að fjármagna þetta verkefni, menntamálaráðuneytið hefur þegar veitt 300.000 krónur í það. Það er verið að athuga með mótframlag frá ÍSÍ, c.a. 200.000 krónur.

KÖNNUN Á JAFNRÉTTISÁÆTLUNUM FYRIRTÆKJA MEÐ 200 MANNS EÐA FLEIRI

Á haustdögum gerði Jafnréttisstofa könnun hjá fyrirtækjum sem voru með 200 starfsmenn eða fleiri á því hvort fyrirtækin væru með jafnréttisáætlun. Úrtakið var 106 vinnuveitendur. Sextú svöruðu og var svarhlutfallið því 57 %. Á 51 þessara vinnustaða var jafnréttisáætlun eða kveðið á um kynjajafnrétti í starfsmannastefnu.

Á næsta ári verður unnið frekar úr niðurstöðum könnunarinnar. Meðal annars er ætlunin að bjóða fyrirtækjum í framhaldi af könnuninni námskeið um gerð jafnréttisáætlana.

ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

WWW.JAFNRETTI.IS

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is en Jafnréttisstofa hefur það að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Unnið er að því að gera enska útgáfu heimasíðunnar betri og aðgengilegri. Stefnt er að því að endurskoðun ensku síðunnar ljúki haustið 2008.

JAFNRÉTTA, FRÉTTABRÉF UM JAFNRÉTTISMÁL

Haldið var áfram að gefa út Jafnréttu, og komu tvö tölublöð út, það fyrra í maí og hið síðara eftir kosningar, en það blað var sérútgáfa, tileinkuð nýafstöðnum Alþingiskosningum.

BÆKLINGAR:

Nýr bæklingur Jafnréttisstofu

Gefinn var út nýr upplýsinga- og kynningarbæklingur Jafnréttisstofu, bæði á íslensku og ensku. Bæklinginn er hægt að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

Jafnréttisáætlanir – leiðbeiningar

Leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlana voru endurskoðaðar á árinu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Gætum jafnréttis – jafnréttisgátlisti

Jafnréttisgátlisti var gefinn út í samvinnu við forsætisráðuneytið, en hann var bæði gefinn út rafrænt og á pappír. Gátlistann má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

Karlar til ábyrgðar

Dreifimiði um meðferðarúrræði fyrir karla sem beita konur ofbeldi var gefinn út rafrænt.

Sköpum umhyggjusama fyrirtækjamenningu

Bæklingur unninn í FOCUS verkefninu, leiðbeiningar fyrir fyrirtæki um fjölskylduvæna fyrirtækjamenningu.

BÆKUR/SKÝRSLUR:

Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi. Þróun eftir lagasetninguna 2000. Rannsókn Ingólfs V. Gíslasonar. Gefin út bæði á íslensku og ensku.

FJÖLMIÐLATENGL

UMFJÖLLUN Í FJÖLMIÐLUM

Greinar eftir starfsfólk Jafnréttisstofu birtust í dagblöðum á árinu 2007. Til dæmis var grein eftir Ingólf V. Gíslason í Fréttablaðinu í nóvember vegna 16. daga átaks gegn ofbeldi og einnig grein í afmælisblaði Kvænnaathvarfsins. Einnig var grein eftir Hugrónu R. Hjaltadóttur í tímariti um Sveitastjórnarmál. Greinar birtust einnig í erlendum tímaritum.

Fjöldamörg viðtöl voru við nýja framkvæmdastýru Jafnréttisstofu í öllum fjölmiðlum á haustdögum.

FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI

FRÆÐSLA OG ERINDI Á VEGUM JAFNRÉTTISSTOFU

Starfsfólk Jafnréttisstofu hélt fjöldann allan af erindum árinu við ýmis tækifæri. Sem dæmi má nefna að á norrænum bókasafnsdegi hélt framkvæmdastýra erindi á Amtsbókasafninu

á Akureyri um norrænar konur fyrr og nú, hún kynnti frumvarp til nýrra jafnréttis laga fyrir samfélags- og mannréttindanefnd Akureyrarbæjar, BHM og jafnréttisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Þrír starfsmenn Jafnréttisstofu héldu fyrirlestra á kynjafræðingum sem haldið var í Háskóla Íslands 11. og 12. nóvember, erindi haldin hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, háskólanum á Akureyri og fleiri stofnunum og fyrirækjum, t.d. um upplausn karlmennskunnar og launamun kynjanna svo eitthvað sé nefnt. Ingólfur V. Gíslason hélt einnig þó nokkur erindi um fæðingar- og foreldraorlof, m.a. í Helsinki og fyrir norsku jafnlaunaneftina. Of langt mál yrði að telja upp öll erindi í þessari skýrslu, en ítarlegri lista er að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Starfsemi Jafnréttisstofu var kynnt fyrir Menntasmiðju kvenna á Akureyri í lok júní.

Starfsfólk Jafnréttisstofu var með jafnréttisfræðslu í Menntaskólanum á Akureyri í sept., okt. og nóv. Fyrst fyrir kennara á endurmenntunardögum og svo í lífsleiknitímum hjá öllum nemendum á öðru ári.

Félagsmálaráðherra og framkvæmdastýra fóru yfir stöðu jafnréttismála og það sem framundan er á fundi Femínistafélags Íslands þann 11. september.

Fræðsluerindi voru haldin á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga í Fjarðarbyggð í byrjun júní.

Jafnréttisnefnd Helsinkiborgar kom í heimsókn á Jafnréttisstofu í maí, félagsmálanefnd Alþingis kom í heimsókn í september til að ræða stöðu jafnréttismála og einnig voru störf Jafnréttisstofu kynnt fyrir nefndinni

Norrænt samstarf

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa komi að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Helst má þar nefna embættismannanefndina „Äk-Jäm“ sem hittist reglulega. Framkvæmdastýra sótti fund nefndarinnar á árinu þar sem gengið var frá starfsáætlun fyrir næstu ár. Jafnframt var haldin ráðstefna um fæðingarorlofsmál og stöðu foreldra á Norðurlöndunum. Ingólfur V. Gíslason hélt erindi þar.

Jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi.

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTIVANGI

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Stofan á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (CDEG), ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál, framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál og í vinnuhóp EFTA um jafnréttis- og

fjölskyldumál. Stofan hefur einnig sent fulltrúa á fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commsission on the Status of Women, CSW) en Ísland á sæti í nefndinni til ársins 2008.

Framkvæmdastýra sótti ráðstefnu EU um atvinnuþátttöku kvenna og frumkvöðlastarfsemi í Lissabon í september. Einnig sótti hún námskeið Evrópuráðsins um baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og fór í kynnisferð til Brussel, þar sem fjallað var um jafnréttisstarf Evrópusambandsins og aðkomu EFTA að því. Framkvæmdastýra er formaður vinnuhóps EFTA um jafnréttismál.

Fulltrúi Jafnréttisstofu sótti fundi á vegum stjórnarnefndar Evrópuráðsins um jafnréttismál, bæði í júní og í nóvember í Strassborg. Svala Jónsdóttir er tengiliður Íslands vegna herferðar Evrópuráðsins gegn ofbeldi gegn konum og sótti hún fund tengiliða herferðarinnar í Strassborg í júní og í desember.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Samstarf er á milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þótt engin formleg tengsl séu milli þeirra samkvæmt lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi milli þessara aðila leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð sem samsvarar hálfu starfi.

Í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga er lagt til að Jafnréttisráð skuli starfa í nánnum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Má því vænta þess að samstarf Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu verði meira og markvissara ef frumvarpið nær fram að ganga.

Heimasíða Jafnréttisráðs er <http://jafnrettisrad.jafnretti.is/>

KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Ekki eru formleg tengsl á milli Jafnréttisstofu og kæruneftndar jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina einstaklingum og aðstoða við að útbúa kærur til kæruneftndarinnar. Jafnréttisstofa fylgir málum eftir ef kærandi óskar þess.

Árið 2007 bárust kæruneftndinni ? mál. Nefndin sendi frá sér álitserðir í fimm málum sem bárust henni á árunum 2006 og 2007. Hún taldi brotið gegn jafnréttislögum í tveimur af þessum fimm tilvikum tilvikum. Álit kæruneftndarinnar má nálgast á slóðinni <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>